

Birtist í Fréttablaðinu 6. september 2016.

## Uppboð og óvissa

Jón Steinsson

Ein helstu rök þeirra sem tala gegn hugmyndum um uppboð á veiðiheimildum eru að slík uppboð myndu auka óvissu útgerða. Þeir sem verst láta tala jafnvel um kollsteypu. Þessi meinta aukning á óvissu er mjög orðum aukin. Fyrir því eru nokkrar ástæður:

**1. Aðeins hluti kvótans á uppboði ár hvert:** Enginn að tala um að bjóða allan kvótann upp á hverju ári. Flestar hugmyndir um uppboð á veiðiheimildum ganga út á að bjóða út tiltölulega lítinn hluta kvótans á hverju ári (ef til vill 10% til tíu ára í senn).

**2. Forkaupsréttur:** Þeir sem höfðu kvótann fyrir gætu fengið forkaupsrétt á hluta þess sem þeir eru að missa á því verði sem kemur út úr uppboðinu. Þessi forkaupsréttur gæti meira að segja verið hlutfallslega stærri fyrir minni útgerðir. Þannig væri auðvelt að skýla minni útgerðum algerlega fyrir hättunni á því að „tapa í uppboðinu“.

**3. Virkur eftirmarkaður:** Best væri að veiðiheimildirnar sem leigðar eru á uppboðinu verði að fullu framseljanlegar. Þá yrði til staðar virkur eftirmarkaður þar sem þeir, sem tækist illa upp í uppboðinu eitt árið, gætu leigt veiðiheimildir af þeim sem gekk betur. Einhverjum kann að lítast illa á slíkt „brask“. Það er þó í grundvallaratriðum annars eðlis en núverandi brask. Í uppboðskerfi þyrftu braskararnir fyrst að borga fullt verð fyrir veiðiheimildirnar áður þeir gætu leigt þær frá sér. Þeir væru því ekki að græða á tá og fingri eins og í núverandi kerfi.

Þessir þrjú þættir draga verulega úr þeirri óvissu sem myndi fylgja uppboði á veiðiheimildum.

## Óbærileg óvissa?

Andstæðinga uppboðsleiðarinnar halda því oft fram að það sé óbærilega íþyngjandi að standa í útgerð ef einhver óvissa ríkir um veiðiheimildir. Þetta er dæla. Útgerðir hafa ekki tryggt sér olíu til margra ára. Það telst ekki óbærilega íþyngjandi. Þær geta ekki tryggt sér starfsfólk mörg ár fram í tímann (starfsmenn geta sagt upp hvernær sem er). Það telst ekki óbærilega íþyngjandi. Flest fyrirtæki hafa ekki einu sinni tryggt sér fjármagn til margra ára, þ.e. flest þurfa þau að endurfjármagna einhverjar skuldir með reglulegu millibili. Það telst ekki óbærilega íþyngjandi.

Veiðiheimildir eru bara eitt af mörgu sem þarf til þess að halda úti útgerð. Það ríkir einhver óvissa um flesta þessa þætti. En í fæstum tilfellum útheimtir sú óvissa gríðarlegar niðurgreiðslur frá ríkinu. Það sama á við um allan annan rekstur. Byggingafyrirtæki þurfa til dæmis að verða sér út um lóðir, starfsfólk, fjármagn og önnur aðföng. Það ríkir óvissa um öll þessi atriði. Er það óbærilega íþyngjandi fyrir slík fyrirtæki? Vitaskuld ekki.

Í dag býr útgerðin hins vegar við annars konar óvissu: óvissu um framtíð kerfisins. Sú óvissa er til kominn vegna þess að stórum hluta almennings misbýður það að útgerðarmenn fái veiðiheimildum úthlutað gegn gjaldi sem er langt undir raunvirði heimildanna. Uppboð á

veiðiheimildum myndi taka á þessum vanda og með því skapa skilyrði fyrir stöðugleika hvað varðar kerfið sjálft. Það er mikilvægur kostur.

Vel útfært uppboð á veiðiheimildum getur lágmarkað þá óvissu sem slíkum uppboðum fylgir, sérstaklega fyrir minni útgerðir. Óvissan sem fylgir uppboði er auk þess ekkert öðruvísi en sú sem fylgir því að þurfa að fjármagna sig, ráða starfsfólk og kaupa aðföng í öllum atvinnurekstri.

Málflutningur andstæðinga uppboðs á veiðiheimildum um þá óvissu sem slíku kerfi myndi fylgja er hræðsluáróður. Ekki láta blekkjast.